

Nr. 102 / 10 Dettifoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. mars 2010 var Dettifoss á siglingu frá Rotterdam til Fredrikstad.

Skipverji var að vinna í vélarúmi við skilvindu þegar hann klemmdist á baugfingri hægri handar og var sendur til læknis í Fredrikstad. Í ljós komu sprungur í kjúkubeini og fjarlægja þurfti nöglina. Hann hélt áfram störfum.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að losa skálina á skilvindunni og hélt skipverjinn við með tilbúnu verkfæri þegar slegið var á hana. Við þetta skrapp verkfærið til og fingurinn varð á milli þess og skálarinnar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.